

Árið 2015, mánudaginn 20. apríl, er dómþing Héraðsdóms Suðurlands háð í dómsal embættisins að Austurvegi 4, Selfossi af Ragnheiði Thorlacius héraðsdómara.

Fyrir er tekið málið nr. E-190/2014:

Elsa Kristjánsdóttir

(*Ásta Björk Eiríksdóttir hdl.*)

gegn

Erlendi Þórissyni

(*Páll Kristjánsson hdl.*)

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

#### **dómur:**

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þann 30. mars sl., var höfðað af Elsu Kristjánsdóttur, með stefnu birtri 25. september 2014, á hendur Erlendi Þórissyni.

Dómkröfur stefnanda eru: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kröfu að fjárhæð kr. 995.474, auk dráttarvaxta samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af fjárhæð kr. 907.474, frá 25. október 2013, en af kr. 995.474, frá höfðun máls allt til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, eins og eigi væri um gjafsóknarmál að ræða.

Stefndi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara krefst stefndi þess að hann verði sýknaður að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og til þrautþrautavara að krafa stefnanda verði lækkuð. Þá krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, stefnda að skaðlausu.

Með úrskurði dómsins uppkveðnum 27. febrúar sl., var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

*Málavextir*

Aðila greinir á um málavexti. Stefnandi lýsir málavöxtum þannig að þann 16. apríl 2013 hafi hún fengið greiddar slysabætur að fjárhæð 1.082.290 krónur. Þann 17. sama mánaðar hafi hún ákveðið að festa kaup á bifreiðinni XXXX sem hún hafi staðgreitt með millifærslu af bankareikningi að fjárhæð 907.474 krónur. Varðandi framangreindar greiðslur vísar stefnandi til útprentunar Íslandsbanka yfir hreyfingar á reikningi nr. XXX. Til hægðarauka hafi bifreiðin verið skráð á eiginkonu stefnda, sem sé móðir þáverandi sambýlismanns stefnanda, en ljóst hafi verið frá upphafi að bifreiðin hafi verið eign stefnanda.

Í júnímánuði 2013 hafi stefnandi tekið ákvörðun um að setja bifreiðina XXXX upp í kaup á dýrari bifreið, þ.e. bifreiðina YYYY. Mismunur á verðmæti bifreiðanna hafi verið greiddur með svokölluðum bílasamningi við Ergo, fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka, og vísar stefnandi til kaupsamninga og afsala frá 3. júní 2013. Við þessi kaup hafi verið ákveðið til hagræðingar að stefndi væri skráður skuldari samkvæmt bílasamningunum. Samkvæmt venju hafi Ergo, þ.e. Ergo fjármögnunarþjónusta, verið skráður eigandi bifreiðarinnar en stefndi umráðamaður hennar. Stefnandi hafi þó sem fyrr verið raunverulegur eigandi bifreiðarinnar og hafi það verið sameiginlegur skilningur stefnda og stefnanda að um hafi verið að ræða málamyndagering.

Þann 1. ágúst 2013 hafi stefnandi millifært inn á reikning stefnda 88.000 krónur vegna afborgana af áðurgreindum bílasamningi auk greiðslna vegna trygginga. Síðar í þeim mánuði hafi stefnandi og sonur stefnda slitið samvistum. Í framhaldi af því hafi stefnandi ekki haft aðgang að bifreiðinni og stefndi og sonur hans hafnað óskum stefnanda um að bifreiðin yrði seld og stefnandi fengi greidda til baka þá fjármuni sem hún hafði lagt til kaupanna. Eftir ítrekaðar samkomulagstilraunir hafi stefnandi sent stefnda kröfubréf þann 25. september 2013 sem í engu hafi verið sinnt af hálfu stefnda og frekari tilraunir til að ná samkomulagi, m.a. fyrir milligöngu eiginkonu stefnda, reynst árangurslausar. Þann 13. nóvember 2013 hafi komið í ljós að stefndi hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar YYYY, en þann dag hafi bifreiðin verið seld.

Stefndi gerir athugasemdir við málavaxtalýsingu stefnanda og segir hana að hluta byggða á rangfærslum og ekki studda haldbærum gögnum. Rekur stefndi samskipti sonar hans og stefnanda, m.a. kaup þeirra á bifreið sumarið 2011 og eftirmála samvistarslita þeirra á haustmánuðum 2013. Vísar stefndi til þess, að telji stefnandi bifreiðina eiga undir skipti milli hennar og sonar stefnda, hafi máli þessu ekki verið markaður réttur farvegur. Þá vísar stefndi til þess að sonur hans hafi verið eina fyrirvinna fjölskyldunnar þegar stefnandi hafi fengið greiddar út slysabætur sem notaðar hafi verið til framfærslu fjölskyldunnar. Segir stefndi að eiginkona hans hafi keypt bifreiðina XXXX og verið skráður eigandi hennar en sonur þeirra, fyrrverandi sambýlismaður stefnanda, umráðamaður. Það sé rangt sem segi í stefnu að fjármunum stefnanda hafi verið varið að öllu leyti til kaupa á bifreiðinni, því sonur stefnda hafi, í þeim tilgangi að fjármagna kaupin og framfleyta fjölskyldunni, selt tvær bifreiðar. Heimilið hafi verið tekjulítið, sonur stefnda eina fyrirvinnan og verulegir fjárhagserfiðleikar eins og stefnanda sé vel kunnugt um.

*Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi telur að hún eigi endurkröfu á hendur stefnda vegna fjárframlags hennar til kaupa á bifreiðinni YYYY á grundvelli hinnar almennu auðgunarreglu, en þegar umrædd bílaviðskipti fóru fram hafi það verið sameiginlegur skilningur stefnanda og stefnda að stefnandi væri raunverulegur eigandi bifreiðarinnar. Hafi skráning stefnda sem umráðamaður bifreiðarinnar eingöngu verið til hagræðingar og hafi báðum aðilum verið það ljóst. Því hafi stefndi ekki getað vænst þess að um hafi verið að ræða fjárframlag stefnanda til hans. Við sambandsslit stefnanda og sonar stefnda hafi forsendur samningssambands aðila máls þessa brostið og hefði stefndi, að kröfu stefnanda, þá þegar í stað átt að hlutast til um sölu umræddrar bifreiðar.

Í kröfubréfi stefnanda til stefnda, dagsettu 25. september 2013, hafi stefnandi eingöngu krafist greiðslu sem hafi numið þeirri fjárhæð sem stefnandi hafi upphaflega lagt til kaupa á bifreiðinni YYYY. Byggir stefnandi á því að stefndi hafi hagnast á sölu bifreiðarinnar og að sá hagnaður hafi átt að renna til stefnanda, að lágmarki sem nemi kröfu stefnanda í máli þessu. Stefnandi krefjist þess að fá endurgreidda þá fjármuni sem hún hafi lagt til kaupa á bifreiðinni YYYY, þ.e. 907.474 krónur. Einnig sé stefndi krafinn um endurgreiðslu á fjármunum sem lagðir voru inn á bankareikning hans þann 1. ágúst 2013, þ.e. vegna afborgana af áhvílandi bílaláni og greiðslu trygginga. Hins vegar hafi stefndi frá síðari hluta ágústmánaðar 2013 hvorki veitt stefnanda umráð bifreiðarinnar né upplýsingar um afdrif hennar.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfu- og samningaréttar, einkum hinnar almennu auðgunarreglu, sem staðfest hafi verið í dómum Hæstaréttar, sem og 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Um varnarþing vísar stefnandi til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991 og 2. mgr. 67. gr. sömu laga varðandi framlagningu gagna. Um vaxtakröfu vísar stefnandi til laga nr. 38/2001, einkum 5. og 6. gr. laganna, um málskostnaðarkröfu til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og um kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vísar stefnandi til laga nr. 50/1988.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskortu. Stefndi hafi enga aðkomu haft að kaupum bifreiðar í aprílmánuði 2013 og bifreiðin hafi aldrei verið skráð á hans nafn. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að stefndi hafi auðgast með nokkrum hætti á umræddum viðskiptum. Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hún eigi kröfu, en dómkröfur hennar séu annars vegar byggðar á millifærslu inn á bankareikning bílasölu og hins vegar inn á reikning stefnda, samkvæmt yfirlýsingum stefnanda vegna ætlaðs rekstrarkostnaðar bifreiðar án þess að gerð sé grein fyrir af hverju stefndi hafi átt að standa straum af þeim kostnaði.

Sýknukröfu að svo stöddu byggir stefndi á því að fjárslitum stefnanda og sonar stefnda sé enn ólokið og því með öllu óljóst hverjar og hvort stefnandi kunni að eiga kröfur á hendur stefnda. Meðan þannig standi á sé ekki grundvöllur til kröfugerðar.

Kröfu um lækkun byggir stefndi á því að bifreiðin hafi orðið til á sambúðartíma þar sem báðir aðilar hafi tekið þátt í framfærslu fjölskyldu. Stefnandi geti því aldrei átt frekari kröfu en 450.000 krónur, eða sem nemur helmingi af kaupverði bifreiðar.

Um lagarök vísar stefndi til ákvæða laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda samninga, almennar reglur samninga- og kröfuréttar og ákvæði laga nr. 91/1991. Vegna kröfu um málskostnað vísar stefndi til laga nr. 91/1991 og varðandi virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988.

### *Niðurstaða*

Við aðalmeðferð málsins gáfu stefnandi, stefndi og vitnin A, sonur stefnda og fyrrverandi sambýlismaður stefnanda, og B, eiginkona stefnda, skýrslu.

Stefnandi byggir kröfu sína á almennu auðgunarreglunni og krefur stefnda um endurgreiðslu vegna fjármuna sem hún hafi lagt til kaupa á bifreiðinni YYYY þann 3. júní 2013. Þegar framangreind bílaviðskipti fóru fram var stefnandi í sambúð með syni stefnda en þau slitu samvistum á haustmánuðum 2013.

Málatilbúnaður stefnanda verður ekki skilinn á annan veg en að stefndi hafi auðgast á óréttmætan hátt við sölu bifreiðarinnar YYYY þann 13. nóvember 2013 og vegna þess hafi stefnandi orðið fyrir tjóni.

Í íslenskri löggjöf má finna dæmi þess að byggt sé á viðhorfum um óréttmæta auðgun, t.d. í 74. gr. víxillaga nr. 93/1933 og 57. gr. laga nr. 94/1933 um tékka. Ekki hefur verið talið að almenn auðgunarregla gildi í íslenskum rétti. Þó hefur verið talið að réttmætt geti verið að beita auðgunarreglu við sérstakar aðstæður enda þótt ekki sé til þess bein heimild í lögum. Kröfu af þessu tagi verður þá að meta eftir eðli máls í hverju tilviki fyrir sig með hliðsjón af öllum atvikum máls.

Stefnandi heldur því fram að kaup á bifreiðinni YYYY hafi annars vegar verið fjármögnuð með sölu bifreiðarinnar XXXX þann 3. júní 2013, sem hafi verið eign stefnanda þó svo, sem óumdeilt er, að skráður eigandi bifreiðarinnar hafi verið þáverandi tengdamóðir hennar, vitnið B, sem fyrir dómi kvaðst við kaupin hafa lánað nafn sitt. Hins vegar hafi kaupin verið fjármögnuð með láni sem stefndi kvaðst fyrir dómi hafi tekið hjá Ergo fjármögnunarþjónustu í tengslum við kaup á bifreiðinni YYYY þann 3. júní 2013 í greiðaskyni við son sinn og þáverandi sambýliskonu hans. Þá er einnig óumdeilt að Ergo fjármögnunarþjónusta var við kaupin skráður eigandi bifreiðarinnar YYYY en stefndi umráðamaður. Eins og fram kemur í gögnum frá ökutækjaskrá Samgöngustofu hélst sú skipan allt til 13. nóvember 2013, en þann dag ber skráning með sér að stefndi hafi keypt umrædda bifreið af Ergo fjármögnunarþjónustu og síðan selt hana þriðja aðila þann sama dag. Kaupsamningar og/eða afsöl um framangreind viðskipti liggja hins vegar ekki frammi í málinu, en í stefnu er skorað á stefnda að leggja þau gögn fram.

Stefnandi krefur stefnda annars vegar um 907.474 krónur sem hún kvaðst hafa lagt til vegna kaupa á bifreiðinni XXXX og hins vegar 88.000 krónur sem hún hafi greitt til stefnda vegna afborgunar af framangreindu láni Ergo og vegna trygginga bifreiðarinnar YYYY. Fyrir dómi hafnaði stefndi því alfarið að hafa auðgast á sölu bifreiðarinnar YYYY. Nánar aðspurður hver hafi fengið fjármuni í kjölfar sölu bifreiðarinnar í nóvember 2014, kvað stefndi það hljóta að hafa verið son sinn sem séð hafi um söluna. Stefnandi bar fyrir dómi að við sambúðarslit hennar og sonar

stefnda haustið 2013 hafi hún lagt til við þáverandi sambýlismann sinn að þau skiptust á að nota bifreiðina YYYY, tvo til þrjá daga í senn. Hann hafi hins vegar ekki skilað bifreiðinni á tilskildum tíma og bifreiðin horfið. Vitnið A, fyrrverandi sambýlismaður stefnanda, bar fyrir dómi að við sölu bifreiðarinnar YYYY hafi átt sér stað skipti og einnig hafi verið greiddir peningar á milli, „það var eitthvað mjög lítið, kannski hundrað þúsund...“ eins og vitnið orðaði það. Vitnið kvað enga fjármuni hafa runnið til stefnda við framangreinda sölu bifreiðarinnar.

Að virtu öllu því sem að framan hefur verið rakið hefur stefnandi ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að stefndi hafi auðgast með óréttmætum og saknæmum hætti á kostnað hennar. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þeim úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 792.496 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Stefnandi hefur gjafsókn í máli þessu fyrir héraðsdómi samkvæmt gjafsóknarleyfi innanríkisráðuneytisins, dagsettu 26. júní 2014. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur hdl., sem ákveðst 1.060.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Ásta Björk Eiríksdóttir hdl.

Af hálfu stefnda flutti mál þetta Páll Kristjánsson hdl.

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð :**

Stefndi, Erlendur Þórisson, er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Elsu Kristjánsdóttur í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 792.496 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, Elsu Kristjánsdóttur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar 1.060.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ragnheiður Thorlacius

